

## INNKÖLLUN.

Með úrskurði Héraðsdóms Vesturlands, uppkveðnum 30. september 2009 var Sparisjóði Mýrasýslu, kt. 610269 5409, Digranesgötu 2, 310 Borgarnesi veitt heimild til að leita nauðasamnings. Undirritaður lögmaður, Garðar Garðarsson hrl., var skipaður umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum félagsins.

Frestdagur er 30. september 2009.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja sig eiga samningskröfur á hendur nefndu fyrirtæki samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga nr. 21/1991, að lýsa þeim fyrir undirrituðum innan fjögurra vikna frá því innköllun þessi birtist fyrra sinni. Kröfulýsingar skulu sendar á lögfræðistofuna Landslög ehf., Köllunarklettsvegi 2, 104 Reykjavík, merktar undirrituðum.

Fundur verður haldinn föstudaginn 20. nóvember 2009 kl. 14.00 með þeim lánardrottnum sem eiga atkvæðisrétt um samningsfrumvarp skuldara. Fundurinn verður haldinn í fundarsal Hótels Hamars í Borgarnesi. Á fundinum verður frumvarpið borið undir atkvæði.

Reykjavík, 7. október 2009

Garðar Garðarsson hrl.  
c/o Landslög – lögfræðistofa  
Köllunarklettsvegi 2,  
104 Reykjavík.